

Umhverfisstofnun
Gunnhildur Sif Oddsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 13.10.2023
Málsnúmer: 202310-0020
LA

Efni: Framlenging á lokun hraunhellis við Jarðböðin

Í tölvubréfi frá Umhverfisstofnun, 12. október 2023, er óskað eftir umsögn og samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands vegna framlengingu lokunar á nýfundnum helli við Jarðböðin við Mývatn.

Lokun svæðisins er í samræmi við 25 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem Umhverfisstofnun er heimilt að takmarka umferð eða loka svæði vegna sérlega viðkvæms ástands náttúru.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér erindið og er sammála Umhverfisstofnun um framlengingu á lokun hellisins með það að markmiði að vernda fágætar hellamyndanir fyrir raski og að fá svigrúm til að vinna að verndun hellisins til framtíðar.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

